



Alþingi
Erindi nr. P/122/1895
komudagur 17.4.98

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 15/04/98

Í framhaldi af samtali mínu við Vilhjálmm Egilsson, formann Efnahags- og viðskiptanefndar, vil ég koma athugasemdum á framfæri við "frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald á áfengi".

Ég hóf innflutning ávaxtadrykkja sem blandaðir eru með vodka í lok árs 1996. Snemma árs 1997 sneri ég mér alfarið að þessum innflutningi og síðan hefur lífsviðurværi fjölskyldu minnar byggst á honum. Salan hefur því miður ekki verið mikil, eins og áfengisskýrslur Hagstofunnar sína glögg, en hefur farið smá vaxandi. Þessa dræmu sölu hef ég útskýrt fyrst og fremst með háu innkaupsverði, sem er næstum tvöfalt herra en innkaupsverð sambærilegs bjórs.

Áfengismagn þessarar drykkja er 4,7-5,3% að rúmmáli eftir tegundum. Samkvæmt frumvarpinu mun áfengisgjald drykkjanna hækka um allt að 88% í einum vettvangi eins og sjá má af eftirfarandi útreikningi. Taka skal fram að til eru 4% vodkablandaðir ávaxtadrykkir sem kæmu enn verr út hlutfallslega, þ.e. þeir myndu hækka um 124%.

magn í flösku:	0,33ltr.	
áfengismagn drykkjar:	4,7%	
áfengisgjald skv. núgildandi lögum:	$(4,7\% - 2,25\%) * 58,70kr. * 0,33ltr.$	= 47,45 kr. á flösku
áfengisgjald skv. frumvarpinu:	$4,7\% * 57,50kr. * 0,33ltr.$	= 89,18 kr. á flösku

prósent breyting = $89,18 / 47,45 * 100\% = 188\%$, þ.e. **88% hækkun**

Áfengisgjaldið á bjór, sem þessir ávaxtadrykkir hafa hingað til keppt fyrst og fremst við, á hinsvegar að standa í stað. Það má vera augljóst að ef af þessari hækkun verður minnkar salan til muna og samkeppnisstaðan gagnvart bjór verður vonlaus. Spurning hlýtur að vera hvort þetta samræmist samkeppnislögum og jafnræðisreglunni.

Litum á rökin fyrir þessari breytingu. Í greinargerðinni sem fylgir með frumvarpinu segir m.a. um 2. grein frumvarpsins: "Þessari breytingu er í fyrsta lagi ætlað að leiðrétta þá röskun er gjaldfrelsimörk (2,25%) þykja hafa á gjaldtöku af brenndu áfengi í þeim tilvikum sem áfengi hefur verið blandað með gosdrykk eða ávaxtasafa, en við það verður hlutfallslega stór hluti vinnandamagns undanþeginn gjaldi". Á ekki það sama við um bjór sem er jú svipaður að styrkleika? Hvers vegna í ósköpunum á að gera upp á milli. Í greinargerðinni með frumvarpinu segir einnig: "Í annan stað þykir æskilegt út frá áfengisvarnarsjónarmiðum að beina neyslu frá slíkum drykkjarvörum." Þetta er ekki rökstutt frekar, enda engin rök til. Hvaða rök eru fyrir því að fólk eigi frekar að drekka 5% bjór en 5% ávaxtadrykk, áhrifin eru jú þau sömu. Mér dettur helst í hug að tilgangurinn með frumvarpinu sé að innleiða sérstakan "bragðgæðaskatt" á vodkablandaða ávaxtadrykki.

Staðreyndin er sú að val fólks á drykkjum stjórnast mikið af verði, sérstaklega hjá þeim sem hafa minnst af peningum á milli handanna. Innkaupsverð áfengra ávaxtadrykkja er eins og áður sagði talsvert hærra en innkaupsverð bjórs og því eru þeir og verða dýrari út úr ÁTVR. Í dag kostar sixpack af venjulegum 0,33ltr. 5,3% ávaxtadrykk 1.370 kr. hjá ÁTVR á móti um 800 kr. fyrir venjulegan bjór.

Ég legg til að 2. gr. frumvarpsins hefjist þannig:

3. gr. laganna orðast svo:

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilíttra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

- 1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206, svo og af vörum sem innihalda blöndur af brenndu áfengi og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2208 og innhalda innan við 8% af vínanda: 58,70 kr. á hvern sentilíttra umfram 2,25 sentilíttra.*

Afgangurinn af greininni yrði óbreyttur. Með þessu yrði komið í veg fyrir þá fáránlegu hækkun sem annars hefði orðið á áfengum ávaxtadrykkjum.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er verið að senda út þau skilaboð til rekstraraðila að þeir megi búast við lögum hvenær sem er, sem kollvarpa fyrirvaralaust viðskiptaumhverfi þeirra.

Gildistaka 1. júní er alltof lítill fyrirvari fyrir jafn veigamikla breytingu og hér er á ferðinni vegna þeirra vörubirgða sem til eru í landinu og einnig vegna þeirrar vöru sem þegar hefur verið pöntuð og ábyrgðir hafa verið opnaðar fyrir. Einnig er sjálfsagt að gefa fyrirtækjum ráðrúm til að beina starfseminni í aðrar áttir þegar viðskiptaumhverfið breytist verulega.

Spurning er hvort ríkið sé skaðabótaskyldt vegna þess hruns sem verður í sölu vegna verulegrar hækkunar á vöruverði í kjölfar fyrirvaralausrar og gífurlegrar hækkunar á gjaldtöku ríkisins, sem 88% hvað þá 124% hækkun hlýtur að teljast.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Eðalvíns ehf.



Arnór V. Arnórsson